

Skorradalshreppur
Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir
Grund
311 Borgarnes

Reykjavík, 20. ágúst 2024
UST202407-146/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010 - 2022 - bátaskýli og bátaaðstaða við Skorradalsvatn

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skorradalshrepps er barst 8. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010 - 2022 er varðar stefnumörkun um bátaskýli og bátaaðstöðu við Skorradalsvatn.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felur í sér stefnumörkun um bátaskýli og bátaaðstöðu í kafla 5.3 og bátalægi í kafla 5.10 í greinargerð aðalskipulags. Á aðalskipulagsupprætti eru skilgreind bátalægi í landi Grundar, Vatnsenda, Dagverðarness, Stálpastaða, Háafells, Fitja, Litlu-Drageyrar, Stóru-Drageyrar og Vatnshorns.

Stefnumörkun

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að Skorradalshreppur marki stefnu um hvernig best sé að standa að byggingu bátaskýla og flotbyggja þannig að tekið verði tillit til bæði hagsmuna þeirra sem ganga vilja með Skorradalsvatni sem og þeirra aðila sem óska þess að gera aðstöðu við vatnsbakkana fyrir báta og siglinga um vatnið.

Aðgengi meðfram vatninu

Samkvæmt hjálagðri úttekt kemur í ljós að flotbyggjur, bátabrautir og bátastæði geta hindrað för gangandi fólk meðfram ströndinni. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skipulagsbreytingin tryggi aðgengi almennings að og meðfram vatninu og sé í samræmi við grein 5.4.2.14 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Bakkagróður

Umhverfisstofnun vill benda á að skv. 62. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 skal við vatnsnýtingu og framkvæmdir í og við vötn leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Vatnshornsskógur

Í greinargerð kemur fram að á Vatnshorni sé friðlýstur birkiskógur og að skilgreining bátalægis þar geti stuðlað að bættu aðgengi bátafólks að skógi frá vatni og aukið notkun og útivist í skóginum. Umhverfisstofnun bendir á að Vatnshornsskógur var friðlýstur sem friðland árið 2009. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda náttúrulegan, lítt snortinn og hávaxinn birkiskóg með gróskumiklum botngróðri ásamt erfðaeiginleika og erfðafjölbreytileika íslenska birkisins. Á svæðinu er líffræðileg fjölbreytni mikil og þar er fundarstaður sjaldgæfra tegunda, m.a. eini fundarstaður fléttutegundarinnar flókatræðu. Meðal markmiða friðlýsingarinnar er að tryggja að líffræðilegri fjölbreytni vistgerða og vistkerfa svæðisins verði viðhaldið með því að vernda tegundir dýra, plantna og annarra lífvera ásamt erfðaauðlindum sem tegundirnar búa yfir og búsvæði þeirra. Enn fremur er markmið friðlýsingarinnar að treysta rannsókn-, útivistar- og fræðslugildi svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan styðji við markmið friðlýsingarinnar. Ef ætlunin er að auka útivist í skóginum og notagildi hans er mikilvægt að það rýri ekki verndargildi skógarins. Stofnunin bendir á að skv. 6. gr. friðlýsingarskilmálanna er mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi óheimilar nema með leyfi Umhverfisstofnunar, Skógræktar ríkisins og sveitarstjórnar Skorradalshrepps.

Friðland við Fitjaá

Umhverfisstofnun bendir á að friðland við Fitjaá liggur einnig upp við Skorradalsvatn austanmegin en það var friðlýst árið 2021. Friðlýsingin miðar að því að vernda víðlent, samfelld og lítið raskað votlendissvæði við Fitjaá þar sem skiptast á mýrar og flóar, vernda vistgerðir og búsvæði ásamt því að styrkja verndun lífvera sem eru sjaldgæfar eða í hættu. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að tillagan raski ekki verndargildi votlendissvæðisins við Fitjaá.

Vatn

Þar sem ekki er fjallað um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála eða vatnaáætlun í aðalskipulagi Skorradalshrepps, né í tillögunni að breytingu þess, vill Umhverfisstofnun koma eftirfarandi á framfæri.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Umhverfisstofnun vill benda á að samkvæmt 28. gr. laganna eiga opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála að vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Breytingar á skipulaginu eiga að taka mið af markmiðum laganna, og í þessu tilviki þeirra umhverfismarkmiða sem eru sett fyrir vatnshlotið Skorradalsvatn (104-340-L).

Ástand vatnshlotsins hefur ekki verið greint en samkvæmt umhverfismarkmiðum þess sem koma fram í vatnavefsjá stjórnar vatnamála¹ skal það vera í góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og tryggja skal að ástand vatnshlotsins versni ekki, hvorki tímabundið né varanlega. Vistfræðilegt ástand er metið út frá líffræðilegum- eðlisefnafræðilegum- og vatnsformfræðilegum gæðapáttum. Framkvæmdaraðili þarf að staðfesta fyrir leyfisveitanda, Skorradalshrepp, hversu mikil áhrif framkvæmdin hefur á vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins og því hvort að möguleg áhrif valdi því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Kristín Björk Birgisdóttir

sérfræðingur

¹ <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/104-340-L>